

5. BARÐASTRANDARSÝSLUPÓSTURINN leggur á stað frá Bæ í Reykhólasveit morguninn eftir að vestanpóstur er kominn þangað frá Reykjavík, fer um Brjámslæk og Bíldudal að Vatneyri, og snýr þaðan aptur eftir sólarhringsbið um Brjámslæk að Bæ.
6. STRANDASÝSLUPÓSTURINN fer frá Stað í Hrutafirði daginn eftir komu norðanpóstsins þangað frá Reykjavík, um Borðeyri, Prestsbakka og Hrófberg í Steingrímsfirði Bjarnarfjarðarháls og Bala að Kúvíkum í Reykjarfirði, og snýr þaðan aptur eftir sólarhringsdvöl sömu leið.
7. ÍSAFJARÐARSÝSLUPÓSTURINN fer frá Ísafirði daginn eftir komu vestanpóstsins þangað frá Reykjavík, um Holt í Önundarfirði að Þineyri við Dýrafjörð og snýr þaðan aptur eftir 12 tíma dvöl sömu leið til Ísafjarðar. Þó má póstur þessi, eftir nánari ákvörðun póstafræðslumannsins á Ísafirði, þegar nægur tími er til, fara allt að Rafnseyri við Arnarfjörð.
8. SKAGASTRANDARPÓSTURINN fer frá Sveinsstöðum um Blönduós að Hólanesi daginn eftir komu norðanpóstsins að Sveinsstöðum frá Stað, og snýr aptur eftir sólarhringsdvöl á Hólanesi.
9. SIGLUFJARÐARPÓSTURINN leggur á stað frá Víðimýri daginn eftir komu norðanpóstsins þangað frá Stað; fer um Sauðárkrók, Hofsóss og Haganess til Siglufjarðar, og snýr aptur sömu leið eftir sólarhringsbið þar.
10. EYJAFJARÐARSÝSLUPÓSTURINN fer frá Akureyri daginn eftir komu norðanpóstsins þangað frá Stað að Tjörn í Svarfaðardal, og snýr aptur eftir sólarhringsdvöl þar.
11. ÞINGEYJARSÝSLUPÓSTARNIR eru tveir. Fer annar á stað frá Grenjadarstað þegar er Seyðisfjarðarpósturinn er þangað kominn frá Akureyri, kemur við á Húsavík, Skinnasöðum og Presthólum og mætir á Raufarhöfn hinum Þingeyjarsýslupóstinum. Sá póstur fer frá Vopnafirði sama dag og hinn pósturinn á að fara frá Grenjadarstað og kemur við á Sauðanesi og Svalbarði. Þegar báðir Þingeyjarsýslupóstarnir eru komnir til Raufarhafnar, snúa þeir aptur sömu leið til Grenjadarstaðar og Vopnafjarðar, og má Seyðisfjarðarpósturinn eigi fara frá Grenjadarstað á leiðinni til Akureyrar fyr en annar þeirra er kominn aptur að Grenjadarstað.
12. MÚLASÝSLUPÓSTUR fer frá Höfða í Vallahreppi undir eins og aðalpóstarnir eru komnir báðir til þessarar póstafræðslu (Eskifjarðarpóstur frá Bjarnanesi og Seyðisfjarðarpóstur frá Grímsstöðum) til Vopnafjarðar, og snýr aptur þaðan eftir sólarhringsdvöl.
13. ÁRNESSÝSLUPÓSTARNIR eru þrír og fara þeir allir á stað frá Hraungerði svo fljótt sem unnt er eftir að austanpóstur er kominn þangað frá Reykjavík. Einn þeirra fer um Ólafsvelli að Reykjum á Skeiðum, annar að Arnarbæli í Grímsnesi, og snúa þeir báðir þegar aptur að Hraungerði; hinn þriðji fer ofan á Eyrarbakka og snýr þaðan aptur morguninn eftir að Hraungerði.
14. VESTMANNAEYJAPÓSTURINN fer frá Breiðabólstað að Ljótssöðum daginn eftir komu austanpóstsins frá Reykjavík og snýr þegar aptur að Breiðabólstað. Þegar póstattaskan kemur frá Vestmannaeyjum að Ljótssöðum, skal henni komið svo snemma að Breiðabólstað, að hún komist á austanpóstinn á leið hans til Reykjavíkur.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 29. júlí 1885.

**Bergur Thorberg.**

**Jón Jenson.**

## Skýrsla

um «gjöf Jóns Sigurðssonar».

(Send forseta hins sameinaða alþingis).

Upphæð fjár þess, sem af skiptarjettinum í dánarbúi Jóns Sigurðssonar og konu hans, frú Ingibjargar Einarsdóttur, hefur verið greitt til stjórnarráðsins fyrir Ísland sem tilheyrandi ofanefndri gjöf, er, að meðtöldum erfðafjárskatti, er greiddur var til

66 baka . . . . . kr. 7602,89

Þegar hjer við er bætt:

- a. Vöxtum til 11. júní 1885 af ríkisskuldabærfefum, er á ýmsum tímum hafa keypt verið fyrir fje sjóðsins . . . . . kr. 976,00
- b. Vöxtum af fje sem um stundarsakir var sett í sparisjóð . . . . . — 23,39 — 999,39
- verður öll tekjuupphæð sjóðsins 11. júní 1885 . . . . . kr. 8602,28

Þessari tekjuupphæð hefur verið ráðstafað þannig:

1. Ríkisskuldabærfef að upphæð kr. 8400,00, er síðan hefur verið komið í innskriftar-skírteini, hafa verið keypt fyrir . . . . . kr. 8420,38
2. Fyrir endurrit af skiptagjörðum hefir verið borgað . . . . . — 10,42
3. Eptirstöðvarnar hafa verið greiddar inni aðalfjehirzluna og geta fengizt útborgaðar úr jarðabókarsjóði með . . . . . — 171,48
- kr. 8602,28

Eign sjóðsins er þannig samkvæmt ofansögðu:

- a. Innritunarskírteini Ltra G. fol. 619 að upphæð . . . . . kr. 8400,00
- b. Í peningum . . . . . — 171,48
- kr. 8571,48

Reykjavík, 3. júlí 1885.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

**Bergur Thorberg.**

67

### Kirkjureikningar

úr norður- og austuramtinu.

*Möðruvallaklausturskirkja fardagaárið 1883—84.*

	Tekjur.	Kr.
1. Fasteignartíund af 607,8 <i>cr</i> = 182,34 ál. . . . .	á 56 a.	102,11
2. Lausaffártíund af 278,3 <i>cr</i> = 83,49 ál. . . . .	á 53 -	44,25
3. Ljóstollur 58½, hver 4 pd. tólgar = 234 pd. . . . .	á 35 -	81,90
4. Legkaup, 8 heil og 6 hálf = 11 heil = 66 ál. . . . .		
þaraf 60 ál. á 53 aura . . . . .	31 kr. 80 a.	
og 6 ál. á 56 aura . . . . .	3 — 36 -	35,16
5. Kirkjugjald af húsum, af 38462 kr. . . . .		19,23
		282,65

	Gjöld.	Kr.
1. Fyrir messuvín . . . . .		9,00
2. Til lýsingar, tólg, rök og steyping . . . . .		12,37
3. Fyrir hirðing og þvott kirkjunnar eins og venjulega . . . . .		16,00
4. Vísitaziulaun prófasts, 20 ál. . . . .	á 53 a.	10,60
5. Þóknun til organista . . . . .		50,00
6. Fyrir endurskoðun reiknings þessa, 3 ál. . . . .	á 56 a.	1,68
7. — ritföng í þarfir kirkjunnar . . . . .		1,00
8. Sent landfógeta í peningum . . . . .		182,00
		282,65